

REGLUGERÐ

um innskatt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um innskatt.

1. gr.

Aðili sem skráður hefur verið skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, má telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem frá og með skráningardegi fellur á kaup hans á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, enda byggist innskattskrafa hans gagnvart ríkissjóði á skjölum og bókhaldi sem fullnægjandi er samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum sem keypt eru fyrir skráningardag. Sama gildir ef gögn og bókhald, sbr. 1. mgr., er ófullnægjandi.

2. gr.

Eigi er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mótuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans. Þó er heimilt, að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar, að telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta byggingar sem nýttur er undir kaffistofu eða mótuneyti, svo og af múr- og naglföstum innréttingum í þeim hluta byggingar. Hins vegar er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af lausum innréttingum, húsgögnum, tækjum og áhöldum til nota í kaffistofu eða mótuneyti.

Selji skattaðili starfsmönnum fæði telst virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts eftir almennum reglum.

2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt aðili noti húsnæðið einnig vegna atvinnu sinnar. Til íbúðarhúsnæðis teljast einnig geymsluherbergi og bifreiðageymsla sem byggð er í venjulegum tengslum við íbúð.

3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.

4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.

5. Risnu og gjafir. Til innskatts má þó telja virðisaukaskatt af innkaupum verðlítés smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni.

6. Öflun, þ.m.t. leigu, og rekstur hópbifreiða og fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða (station) og jeppa, enda hafi skattaðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða. Sama á við um þær sendi- og vörubifreiðir með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna sem ekki uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar þessarar um gerð og búnað.

II. KAFLI

Innkaup sem ekki varða eingöngu sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu.

3. gr.

Blönduð starfsemi.

Aðili, sem hefur með höndum blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á vörum og þjónustu, eftir því sem nánar er ákveðið í 4.-5. gr. reglugerðar þessarar, sbr. þó sérreglur um ýmis innkaup í 7.-9. gr.

Aðili sem rekur skattskylda gistipjónustu hluta úr ári og fasteignaleigu hluta úr ári telst vera með blandaða starfsemi í skilningi 1. mgr., enda hafi hann með höndum sölu á skattskyldri gistipjónustu í fimm mánuði á ári eða skemur.

4. gr.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar er aðila með blandaða starfsemi heimilt að telja að fullu til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu er keypt til nota við hinn skattskylda hluta starfseminnar.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu varðar hinn skattfrjálsa hluta starfsemi aðila með blandaða starfsemi.

5. gr.

Virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum og þjónustu, sem keypt er til nota bæði vegna skattskylds þáttar í starfsemi aðila og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu (án virðisaukaskatts) hvers reikningsárs er af heildarveltu ársins. Við þennan útreikning skal ekki taka tillit til sölu rekstrarfjármuna o.fl., sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988.

Innan hvers reikningsárs má nota hlutfallstölu næstliðins reikningsárs við útreikning innskatts. Við skil vegna síðasta tímabils hvers árs skal fara fram afstemming á innskattsfrádrætti liðins árs. Á fyrsta ári virðisaukaskattsskyldrar starfsemi skal hlutfallstalan reiknuð til bráðabirgða fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil, en endanlegt uppgjör fari fram við skil vegna síðasta tímabils ársins.

Ríkisskattstjóri gefur út sérstök eyðublöð sem nota skal við afstemmingu skv. 2. mgr.

6. gr.

Eigin not.

Nú eru innkaup skattaðila bæði vegna sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og til einkanota eða annarra nota sem ekki varða rekstur hans, og má þá telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur.

Ríkisskattstjóri skal taka mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótask hefur við tekjuskattsálagningu þegar hann leggur mat á hvort innkaupum sé réttilega skipt milli skattskylds reksturs og einkanota.

7. gr.

Sérreglur um fasteignir og ökutæki.

Við nýbyggingu húsnæðis, þ.m.t. viðbyggingu, sem að sérgreindum hluta (ákveðin herbergi eða hæð í húsi) er ætlað til nota fyrir skráða starfsemi en að öðru leyti ætlað til nota sem ekki hefur í för með sér rétt til frádráttar innskatts, má skattaðili telja virðisaukaskatt af samtals kostnaði við byggingarframkvæmdir til innskatts í sama hlutfalli og byggingarkostnaður þess hluta sem byggður er til nota fyrir skráða starfsemi er af heildarbyggingarkostnaði. Ef gæði einstakra hluta húsnæðis, sem nýttir eru á mismunandi hátt, eru sambærileg, er heimilt að skipta skattinum í því hlutfalli sem flatarmál þess hluta húsnæðisins sem notað er fyrir skattskyldan rekstur er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

Húsnæði, sem leigt er út, telst ekki notað fyrir skattskyldan rekstur nema leigusali hafi skráð sig frjálssri skráningu skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988. Um íbúðarhúsnæði fer skv. 2. tölul. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Virðisaukaskatt vegna endurbóta, viðgerða og viðhalds þess húsnæðis sem um ræðir í 1. mgr. má telja til innskatts að því leyti sem framkvæmdir varða beinlínis þann hluta húsnæðis sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur aðila. Skilyrði er að seljandi vinnu eða þjónustu taki fram á sölu-eikningi sínum við hvaða hluta húsnæðis hafi verið unnið.

Varði framkvæmdir við endurbætur, viðgerðir og viðhald ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðis, t.d. viðhald utanhúss eða við sameiginlegt lagnakerfi, má skattaðili miða útreikning innskatts við það hlutfall sem flatarmál þess hluta húsnæðis sem notuð er vegna skattskyldrar starfsemi hans er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

8. gr.

Nú notar skattaðili sama hluta húsnæðis jöfnum höndum fyrir skattskylda starfsemi og skattfrjálsa og er þá heimilt að miða útreikning innskatts við meginreglur 3.-6. gr. að því leyti sem ekki er unnt að skipta virðisaukaskatti eftir reglum 7. gr. Við útreikning innskatts vegna lagna, viðgerða og viðhalds annarra fasteigna en húsbygginga, þ.m.t. vegna lóðaframkvæmda, skal fara eftir ákvæðum 3.-6. gr.

9. gr.

Ákvæði 5. og 6. gr. taka ekki til virðisaukaskatts vegna öflunar, þ.m.t. leigu, eftirtalinna ökutækja:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
- Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða milliþils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludryrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
- Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé fólks- eða hópibifreið breytt í sendi- eða vörubifreið skulu með varanlegum hætti fjarlægð úr farmrými sæti ásamt sætisfestingum og öðrum búnaði til fólksflutninga.

2. Bifhjóla.

3. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí-, fjór-, fimm- og sexhjóla.

4. Loftpúðatækja.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar, þ.m.t. leigu, framangreindra ökutækja nema þau séu eingöngu notuð í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, þ.e. vegna sölu á vörum og skattskyldri þjónustu. Öll önnur notkun þeirra, svo sem einkanot eiganda rekstrar og starfsmanna hans og notkun í þágu starfsemi er fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, veldur því að óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af öflun ökutækjanna. Akstur eiganda eða starfsmanns til og frá heimili telst í öllum tilvikum til einkanota í þessu sambandi og það eins þótt aksturinn sé jafnframt í þágu starfseminnar eða á annan hátt að kröfu rekstraraðila.

Frá ákvæði 2. mgr. er sú eina undantekning að eiganda rekstrar eða starfsmanni hans eru heimil takmörkuð einkanot, án þess að það komi í veg fyrir að til innskatts sé talinn virðisaukaskattur af öflun bifreiðar skv. 1. tölul.

1. mgr. Í hugtakinu takmörkuð einkanot felst eingöngu akstur milli heimilis þess sem afnotaréttinn hefur og starfsstöðvar fyrirtækis. Eftirtöldum skilyrðum undantekningarinnar þarf að vera fullnægt:

1. Afnotaréttur eiganda eða starfsmanns hans sé að fullu talinn til virðisaukaskattsskyldrar veltu á skattverði sem er það sama og hlunnindamat ríkisskattstjóra, vegna takmarkaðra afnota launþega af bifreið launagreiðanda síns, í skattmati vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á hverjum tíma.

2. Áður en einkanot hefjast, eða breytingar verða á slíkum notum, tilkynni rekstraraðili til ríkisskattstjóra um hinn fyrirhugaða afnotarétt, þ.m.t. hver njóta muni, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

3. Við afdrátt og skil staðgreiðslu opinberra gjalda telji rekstraraðili (launagreiðandi) starfsmanni til launa þau hlunnindi er í afnotaréttinum felast.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun, þ.m.t. leigu, bifreiðar skv. 1. tölul. 1. mgr. er að hún sé búin sérstökum skráningarkerkjum með rauðum stöfum á hvítum grunni, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja með síðari breytingum. Skilyrðið tekur þó ekki til eignarleigufyrirtækja og bílaleigufyrirtækja að því er varðar bifreiðir sem þau selja á leigu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi sinni.

Hafi skattaðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun ökutækis slíks sem um ræðir í 1. mgr., en tekur það síðar til notkunar sem heimilar honum minni eða engan frádráttarétt, skal hann tilkynna ríkisskattstjóra þar um áður en notkun er breytt og láta fjarlægja hin sérstöku skráningarkerki sem um ræðir í 4. mgr.

Komi í ljós að skilyrði þessarar greinar til færslu innskatts af öflun ökutækis hafa ekki verið haldin, þ.m.t. skilyrði um tilkynningar, er ríkisskattstjóra rétt að fella niður innskatt af öflun viðkomandi bifreiðar.

Ákvæði 3.-6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

9. gr. a

Aðilar sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs í atvinnuskyni af óskattskyldum aðilum geta reiknað sér innskatt sem nemur 19,35% af kaupverði ökutækisins þegar seljanda ber ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölunni. Innkaupin skulu færð á sérstakan gjaldareikning í bókhaldi.

Í bókhaldi eða fylgigögnum þess skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Fast númer ökutækis, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, með síðari breytingum.
- Dagsetning viðskiptanna.
- Lýsing á hinu keypta.
- Kaupverð.
- Nafn, heimilisfang og kennitala seljanda.

Sölureikning, kaupsamning og afsal skal varðveita sem og önnur bókhaldsgögn sem varða viðskiptin.

10. gr.

Um innskatt ríkisstofnana, sveitarfélaga o.fl.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla mega þeir virðisaukaskattskyldu aðilar, sem undanþegnir eru tekjuskatti og eignarskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003, einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum og rekstrarfjármunum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Hið sama á við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra er greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Þó er opinberum þjónustufyrirtækjum, sem selja skattskyldar vörur eða þjónustu til annarra og skattskyld eru skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, heimilt að færa til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum og rekstrarfjármunum, öðrum en fasteignum, að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur þeirra, með sama hætti og greinir í 6. gr. reglugerðar þessarar. Skilyrði slíks hlutfallslegs innskattsfrádráttar er að hinn virðisaukaskattsskyldi þáttur í starfsemi fyrirtækisins sé fjárhagslega og bókhaldslega skýrt aðgreindur frá öðrum þáttum í starfsemi þess.

III. KAFLI

Sala rekstrarfjármuna.

11. gr.

Sala eða afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna telst að fullu til skattskyldrar veltu aðila þótt hann hafi aðeins fengið virðisaukaskatt vegna öflunar þeirra fráðreginn sem innskatt að hluta.

Hafi ekki mátt telja virðisaukaskatt vegna kaupa ökutækis til innskatts, sbr. 6. tölul. 2. gr. og 9. gr., telst sala ökutækisins ekki til skattskyldrar veltu.

IV. KAFLI

Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum.

12. gr.

Skattskyldur aðili skal leiðrétta (bakfæra) innskatt vegna skattskyldrar starfsemi sinnar verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna öflunar eftirtalinnna varanlegra rekstrarfjármuna:

1. Véla, tækja áhalda, innréttinga og annarra lausafjármuna sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, enda nemi kaupverð (stofnverð) einstakrar eignar eða eignasamstæðu a.m.k. 109.500 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.

2. Fasteigna. Leiðréttingarskyldan tekur til innskatts af efni, vinnu, tækjanotkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbyggingar og endurbóta, svo og vegna viðgerða og viðhalds, enda sé samtals verðmæti þessara framkvæmda a.m.k. 500.000 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað samkvæmt byggingarvísitölu.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu 1. janúar ár hvert taka breytingu samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Við framreikning fjárhæða skv. 1. mgr. skal miða við byggingarvísitölu þess mánaðar þegar rekstrarfjármuna skv. 1. og 2. tölul. er aflað og byggingarvísitölu þess mánaðar þegar leiðrétting innskatts á sér stað.

13. gr.

Það telst breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar skattaðili naut fulls frádráttarréttar eða frádráttar að hluta þegar eign var keypt eða þegar verk var unnið, en eignin er síðar seld, leigð eða tekin til annarrar notkunar þar sem skattaðila ber enginn frádráttarréttur eða minni frádráttarréttur. Það telst einnig breyting á forsendum fyrir frádrætti á innskatti þegar ökutæki skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er breytt þannig að ökutækið uppfylli ekki skilyrði þau sem tilgreind eru skv. 1. tölul. 1. mgr. þótt ekki sé um breytta notkun ökutækis að ræða. Jafnframt skal leiðrétta innskatt vegna öflunar eigna, sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. lækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

Leiðréttingarskylda fellur niður í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar sala eða afhending rekstrarfjármuna telst til skattskyldrar veltu skattaðila, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 og 11. gr. reglugerðar þessarar.

2. Þegar eign er seld nauðungarsölu eða ráðstafað skv. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 21/1992, um gjaldþrotaskipti.

3. Þegar fasteign er leigð út og leigusali er skráður frjálsri skráningu, sbr. reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

Heimilt er skattaðila að leiðrétta til hækkunar innskatt vegna öflunar eigna sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfallstala skv. 5. gr. hækkar um 10 prósentur eða meira frá því ári þegar eignar var aflað.

14. gr.

Leiðréttá skal innskatt vegna öflunar lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., verði breyting á forsendum frádráttar á næstu fimm árum talið frá og með þeim mánuði þegar eignanna var aflað. Leiðréttá skal innskatt vegna framkvæmda sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. verði breyting á forsendum frádráttar á næstu tuttugu árum talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram. Heimild til leiðréttingar skv. 3. mgr. 13. gr. fellur niður eftir fimm ár talið frá og með kaupmánuði.

Breytist notkun eignar í sama mánuði og frádráttur innskatts fer fram nær leiðréttingarskylda til allrar þeirrar fjárhæðar sem dregin hefur verið frá sem innskattur. Breytist notkun síðar skal framreikna fráðreginn innskatt samkvæmt byggingarvísitölu. Þannig framreiknaðan innskatt skal leiðréttá á eftirfarandi hátt:

1. Vegna lausafjármuna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 80% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 60% á þarnaesta ári og lækkar síðan um 20 prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 1,67% á mánuði.

2. Vegna fasteigna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., er leiðréttingarskyldan 95% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram, 90% á þarnaesta ári og lækkar síðan um 5 prósentur árlega. Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 0,42% á mánuði.

Við breytingu á hlutfallstölu skv. 5. gr. skal leiðrétting vegna hvers einstaks reikningsárs nema 1/5 að því er varðar eignir sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. en 1/20 að því er varðar fasteignir, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., af þeirri innskattsfjárhæð sem dregin hefur verið frá sem innskattur.

Leiðréttingarfjárhæðina skal leiðréttá á innskattsreikningi á því tímabili þegar leiðrétting skal eiga sér stað.

Við leiðréttingu innskatts skal fylla út sérstaka leiðréttingarskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

15. gr.

Við kaup fasteignar getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva tímabils skv. 14. gr. að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna eignarinnar. Seljandi skal leiðréttá innskatt að því leyti sem frádráttarréttur kaupanda kann að vera minni en seljanda. Að öðru leyti fellur leiðréttingarskylda seljanda samkvæmt reglugerð þessari niður.

Þegar eignaryfirfærsla á fasteign, vélum eða öðrum rekstrarfjármunum á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á leiðréttingartímabilinu, getur kaupandi, sem hefur minnst sama frádráttarrétt vegna rekstrarfjármuna og seljandi hafði við öflun, yfirtekið alla leiðréttingarskylduna vegna eftirstöðva tímabilsins. Sé frádráttarréttur kaupanda minni en seljanda, getur kaupandi yfirtekið þann hluta leiðréttingarskyldunnar sem hann á rétt á og skal seljandi þá standa skil á þeirri leiðréttingarskyldu sem eftir er.

Tilkynna skal ríkisskattstjóra um yfirtöku leiðréttingarskyldu samkvæmt þessari grein. Tilkynning skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

16. gr.

Um bókhald og varðveislu gagna vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti innskatts fer samkvæmt reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

V. KAFLI Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 81/1991, um innskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðar sem skulu auðkenndar skráningarmerkjum skv. 2. mgr. 9. gr. og skráðar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa frest til að skipta um skráningarmerki til 30. júní 1993, sbr. 63. gr., ákvæði til bráðabirgða III, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.